



Reykjavík 27.10.2016

## Umsögn um Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) hefur til umsagnar Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að ósk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Sviðið hefur með höndum mikið af nærþjónustu borgarinnar, bæði almennri og sérhæfðri og hefur því sjálft sett sér þjónustustaðal sem samþykktur var í ágúst 2015. Byggir hann á *Áttavitum að framúrskarandi þjónustu* sem mótaðir voru fyrir borgina og er einnig að finna í þeirri stefnu sem hér er til umsagnar.

Sviðið fagnar gerð stefnunnar og tekur undir þær áherslur sem þar koma fram. Tekið er undir mikilvægi þess að hafa slíka stefnu til að vinna eftir og að inntak og eðli þeirra samskipta sem borgin vill eiga við borgarbúa séu formfest.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs,  
Þór Steinarsson